

Nd.

221. Frumvarp

laga um fasteignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fasteignum skal gjalda skatt í landssjóð eftir matsverði $\frac{2}{10}$ af hundraði.

Eigandi skal greiða skatt þennan, en á jörðum, sem eru í leiguábúð, þegar lög þessi koma til framkvæmda getur eigandi krafist endurgjalds á helmingi skattsins af leigjanda, þar til er nýr samningur er gerður.

2. gr.

Eignir þær, sem skatturinn hvílir á, eru:

a. Jarðeignir, hvort heldur bændaeignir eða þjóðeignir, eignir kirkna og presta-

kalla, kristfjárjarðir eða aðrar fátækraeignir, eignir sveitarfjelaga og bæjarfjelaga eða stofnana, hverju nafni sem nefnast.

- b. Húseignir með lóðum í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og önnur hús og lóðir, sem ekki eru metin með jörð t. d. þurrabúðir og grasbýli.
- c. Óbygðar lóðir í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og aðrar óbygðar lóðir og lendur, sem eru frásældar jarðeignum og eigi hafðar til ábúðarnota. Ennfremur sjerstök jarðarítök og hlunnindi, svo sem námur, varplönd, veiðiár, fossar, rekarjettindi o. fl.

Undanþegin skattinum eru hús þau og lóðir, ítök og hlunnindi, sem eru þjóðeign eða til almenningsþarfa, svo sem kirkjur, skólar, sjúkrahús o. fl. Ennfremur eru undanþegnar fasteignarskatti húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi, ef þetta nemur eigi alls 300 króna virði í eigu sama manns. Verði ágreiningur um, hvort eign sje undanþegin skatti, sker stjórnarráðið úr. Ef þeir, sem hlut eiga að máli, vilja ekki hlíta þeim úrskurði, er þeim heimilt að leggja málið undir úrslit dómstólanna.

3. gr.

Á jarðeignir legst skatturinn eftir gildu jarðamati. A húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi skal hann lagður eftir virðingu skattanefndar; sje hús og lóð ekki sameign, skal það virt hvort í sínu lagi. Öll nánari ákvæði um virðingu húsa og lóða, itaka og hlunninda skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, skiftist í fleiri parta, og eigendur æskja þess, að hver hluti sje skoðaður sem sjálfstæð eign og talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera sig upp um það við lögreglustjóra, en hann leggur málið undir úrskurð stjórnarráðsins.

4. gr.

Fasteignarskatt skal eigandi og umráðamaður greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem eignin liggur. Ef eigandi eða umráðamaður er þar ekki heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann til að standa skil á skattinum.

5. gr.

Fasteignarskattur skal í eitt ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

6. gr.

Skatt þennann skulu sýslumenn og bæjarfógetar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skifti árið 1915.